

## Félag háskólakennara á Akureyri - FHA

Fundargerð félagsárið 2009 – 2010

I. stjórnarfundur: haldinn 18. júní kl. 12 - óformlegur

Boðaðir eru allir stjórnarmenn og varastjórnarmenn: Helgi Gestsson (HG), Arnheiður Eypórsdóttir (AE), Erlendur Steinar Friðriksson (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Páll Björnsson (PB), Finnur Friðriksson (FF) og Kjartan Ólafsson (KÓ). PB boðaði forföll en FF mætti ekki.

1. Fundarmenn fjalla óformlega um mögulega skiptingu stjórnar á verkum. Þeir stinga upp á að ESF taki að sé varaformennsku, AE starfi áfram sem gjaldkeri og PB taki að sér störf sem ritari. Ákveðið er að ganga formlega frá verkaskiptingu stjórnar á næsta fundi þegar PB og FF hafa tækifæri til að mæta á fund og taka þátt í umræðunum.

2. Almennar samræður eiga sér stað um framtíðarstarf. HG gerir grein fyrir hugmyndum sínum um megináherslur í starfi félagsins. Æskilegt er að greina meginstef í starfi félagsins og gera félagsmönnum kleift að taka virkan þátt í vinnu þess stefns eða þeirra stefja sem hann/hún hefur sérstakan áhuga á. Ljóst er að vinna næsta árs og ára verður mótuð af þeim sparnaðaraðgerðum sem framundan eru við stofnunina. Fundarmenn eru sammála um að vinna að því að virkja félagsmenn til þátttöku. Möguleg stef sem nefnd eru eru m.a. *hagsmunagæsla* vegna kjara, réttinda, aðbúnaðar og starfsöryggis, *varðstaða um fagmennsku* vegna gæða kennslu, rannsókna og stoð- og þjónustustarfsemi, *mótun jákvæðs staðblæs* með ánægjulegum samskiptum félagmanna og öflugri samræðu þeirra, *virki þátttaka í samfélagi* með því að hvetja til sýnileika og gagnkvæmra samskipta félagmanna við umhverfið, og *samhygð* þar sem félagið sýnir samfélagslega ábyrgð í verki gagnvart félagsmönnum og samfélagi. Þá voru fundarmenn sammála á því að sérstaka nauðsyn beri til þess að koma *mikilvægi HA í íslensku samfélagi* kröftuglega á framfæri bæði við stjórnvöld og almenning.

3. Fundarmenn eru sammála um að fara þess á leit við Hjördísi Sigursteinsdóttur (HS) að hún haldi áfram sem framkvæmdastjóri í hlutastarfi. HG er falið að ganga til samninga við hana um það.

4. Æskilegt er að fá greiningu á mismunandi störfum og kjörum félagmanna til þess að átta sig betur á þörfum mismunandi hópa félagmanna. HG er falið að tala við HS um að vinna slíka greiningu. Þá er HG einnig falið að tala við HS um að vinna fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

5. Beiðni hefur komið óformlega til HG um það að FHA styrki þátttöku starfsmanna HA og fjölskyldna þeirra á sumarsólstöðuhátíð á Végeirsstöðum eins og gert var í fyrra. Reiknað er með að greiða þurfi milli 1.500 til 2.000 kr. með hverjum fullorðnum einstaklingi en þátttakendur greiða sjálfir 500 krónur. Ljóst er að styrkurinn gildir fyrir þátttöku fleiri en félagmanna FHA og fjölskyldna þeirra. Beiðnin er engu að síður samþykkt þó þannig að HG er falið að láta vita að ekki verði veittur styrkur fyrir fleiri en 60 manns.

6. Fjallað var um mikilvægi þess að félagsmenn væru sýnilegir á ráðstefna Nordregio, iðnaðar-ráðuneytis og Byggðastofnunar um áhrif háskóla og menntunar á byggðaðþróun haldin var í Reykjavík miðvikudaginn 24. Júní. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi tveggja skýrslna um sameiningu háskóla héraðs sem nýlega eru komnar út og þeirrar umræðu sem orðið hefur í framhaldi af því. KG verður

stödd í Reykjavík þann og er tilbúin til að sækja ráðstefnuna. ESF er tilbúinn til að fara á ráðstefnuna en aðrir fundarmenn komast ekki. HG er falið að athuga hvort starfsmenn HA sem unnið hafa að byggðarannsóknnum sjái sér fært að mæta á ráðstefnuna með stuðningi félagsins.

7. Ákveðið var að HG veldi veglega bókagjöf fyrir Þorsteinn Gunnarsson, fráfarandi rektor, og færði honum hana og kveðjur félagsins í kveðjuhófi rektors.

Fleira var ekki gert. Fundi var slitið kl. 13:30.

Helgi Gestsson